

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna fjölgunar gistirúma í landi Uxahryggjar 1.

Skipulagsstofnun staðfesti 23. ágúst 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 8. febrúar 2023.

Í breytingunni felst að heimilt verður að fjölga gistirúmum úr 15 í 50 á svæði fyrir verslun og þjónustu VP6 í landi Uxahryggjar 1.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 23. ágúst 2023.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 6. september 2023